



Borgarstjóri, Dagur B. Eggertsson
Ráðhúsi Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Reykjavík, 23. ágúst 2021

Varðar: Kortlagningu á búsetu í atvinnuhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu

Verkáætlun fyrir verkefni í kortlagningu á búsetu í atvinnuhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu var kynnt á stjórnarfundum Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins (SHS) 20. ágúst 2021. Stjórn samþykkti áætlunina og lagði áherslu á að hún yrði send til aðildarsveitarfélaga slökkviliðsins til kynningar. Ef óskað er eftir aðkomu SHS í kynningu á verkefninu er það velkomið.

Í verkefnið er ráðist í framhaldi af vinnu stýrihóps um kortlagningu á óleyfisbúsetu sem leidd var af Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS) en hlutverk hans var að útfæra hvernig kortlagningu á óleyfisbúsetu skyldi háttað, hvaða upplýsingum skyldi safnað, hvar og hvernig þær skyldu skráðar og haldið utan um þær. Hópurinn greindi jafnframt kostnað við verkefnið og skilgreindi kostnaðarskiptingu.

Er það von hópsins að með verkefninu náist góð yfirsýn yfir umfang búsetu í atvinnuhúsnæði sem hefur lengi verið kallað eftir og muni hafa mótandi áhrif á lög og reglugerðir í þessum málaflokki.

Verkefnið felst í skoðun á hverju einasta atvinnuhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu þar sem kannað er hvort búseta sé til staðar. Aflað verður upplýsinga um fjölda einstaklinga sem búa í atvinnuhúsnæði, ástand brunavarna og félagslegar aðstæður viðkomandi íbúa. Ráðið verður starfsfólk í verkefnið í gegnu atvinnuátakið Hefjum störf. Verkefnið hefst í október-nóvember og tekur u.þ.b. þrjú mánuði.

Heildarkostnaður við verkefnið er áætlaður um 20 m.kr. og mun HMS greiða um 40% hans en sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu 60%, sem skiptist í samræmi við íbúafjölda.

SHS mun stýra verkefninu og leita til þeirra aðila hjá sveitarfélögunum sem málið varðar, s.s. byggingafulltrúa, heilbrigðisfulltrúa og velferðarsviða. Vonast er eftir nánu og góðu samstarfi um verkefnið.

Virðingarfyllt,
Jón Viðar Matthíasson,
slökkviliðsstjóri Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins.
(rafræn undirritun á öftustu síðu)

Meðfylgjandi:
Verkefnaáætlun um kortlagningu á búsetu í atvinnuhúsnæði. Höfuðborgarsvæðið 2021.

SLÖKKVILIÐ HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS BS.

Skógarhlíð 14 – 105 Reykjavík – Sími 528 3000

www.shs.is – shs@shs.is

Undirritunarsíða

Jón Viðar Matthíasson